



Reykjavík, 21. ágúst 2025

Efni: Umsögn Orkuveitunnar um áform um Atvinnustefnu Íslands til 2035, mál nr. S-144/2025

Orkuveitan fagnar áformum stjórnvalda um mótun atvinnustefnu fyrir Ísland til 2035 og þakkar það tækifæri sem fyrirtækinu hefur boðist til að taka þátt í undirbúningi stefnumótunarinnar. Þær áherslur sem fram koma í áformaskjalinu um aukna verðmætasköpun í jafnvægi við samfélag, umhverfi og innviði kallast fagurlega á við Heildarstefnu Orkuveitunnar sem er útlistuð undir kjörorðinu *Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar*. Undir þessari stefnu starfar öll Orkuveitusamstæðan. Innan hennar eru, auk móðurfélagsins, margir máttarstólpar atvinnuþróunar og nýsköpunar í landinu, orkuvinnslu- og orkuskiptafyrirtækið Orka náttúrunnar, innviða- og þjónustufyrirtækin Veitur og Ljósleiðarinn og nýsköpunar- og þróunarfyrirtækið Carbflix. Hvert þeirra er á meðal þeirra stærstu á sínu sviði hér á landi og öll með sterka áherslu á sjálfbærni í allri starfsemi sinni.

Gleðilegar áherslur í áformaskjalinu (sem hér eru **feitiletraðar**)

Orkuveitan er ánægð með að **fyrirsjáanleiki til fjárfestinga** sé á meðal höfuðáherslna við væntanlega stefnumótun. Íslensk fyrirtæki búa við margvíslega óvissu tengda smæð hagkerfisins og nýlegar væringar á alþjóðamörkuðum bæta þar í. Hver sá þáttur þar sem stjórnvöld geta aukið fyrirsjáanleika er því mikilvægur. Hér má sérstaklega nefna fyrirsjáanleika um regluverk og samskipti við hið opinbera, til dæmis hvað varðar ýmis leyfismál. Einnig má nefna fyrirsjáanleika um fjárhagslegar álögur en um þessar mundir eru á lofti óvenjulega fjölbreyttar hugmyndir ýmissa opinberra aðila um gjaldtöku af orkuvinnslu. Þess vegna er einnig jákvætt að á meðal áherslna í stefnuskjalinu séu **einfaldað regluverk, aukin skilvirkni og vinna þvert á ráðuneyti**.

Í áformaskjalinu eru borin kennsl á **auðlindagreinar sem sérstakan styrkleika** Íslands og áhersla lögð á **aðgengi að hagkvæmri og endurnýjanlegri orku**. Þessar jákvæðu áherslur kalla einmitt á áðurnefndan fyrirsjáanleika um fjárfestingar á starfssviðum Orkuveitunnar – í orkuöflun og **eflingu innviða**. Þær eiga fagran samhljóm með stefnu Orkuveitunnar og gefa fyrirheit um batnandi starfsskilyrði fyrirtækisins undir nýrri atvinnustefnu.



Hugmyndir frá Orkuveitunni

Orkuveitan sér mikinn samhljóm með áherslum áformaskjalsins og heildarstefnu fyrirtækisins. Hér eru nokkrar af þeim hugmyndum sem kviknað hafa við innleiðingu stefnu Orkuveitunnar og æskilegt væri að stjórnvöld beittu sér fyrir að raungerðust.

Grænir iðngarðar

Reynsla Orkuveitunnar er sú að þegar áhugasamir fjárfestar beina sjónum að Íslandi, vanti hér á landi fleira til að koma starfsemi á fót en víða erlendis. Til dæmis þurfi oft að leita víða að hentugum iðnaðarlóðum með viðeigandi innviðum. Nú eru á nokkrum stöðum í landinu að þroskast grænir iðngarðar, oft byggðir á hringrásarhugsun, þar sem úrgangur einnar starfsemi verður verðmæt aðföng annarrar. Jarðhitagarður Orku náttúrunnar við Hellisheiðarvirkjun er dæmi um slíkan. Að þessum sprotum má hlúa með hliðsjón af aðgengi að hagkvæmri og endurnýjanlegri orku, nýtingu innviða sem fyrir eru og nýrra kjölfestuverkefna á landsbyggðinni.

Grænn dregill

Fyrir verkefni sem uppfylla mörg af markmiðum væntanlegrar atvinnustefnu mætti útbúa flýtimeðferð í stjórnsýslunni. Þannig má sjá fyrir sér að sjálfbærasta verðmætasköpunin lendi síður aftarlega í röð opinberra afgreiðsluverkefna eða stöðvist á einhverju stjórnsýslustigi. Þessi „hraðbraut“ ætti að liggja hvortveggja um stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og að fyrirsjáanleiki ferðalags hvers verkefnis sé sem allra mestur. Þarna getur þurft að koma til stuðningur og aðhald ríkisins við sveitarfélög við að gegna lögbundnum verkefnum þeirra á borð við skipulagsgerð og leyfisveitingar.

Orkuskipti og kolefnisbinding

Ísland er framarlega í orkuskiptum á tilteknum sviðum, t.d. hitun húsa og akstri einkabíla. Vegna mikillar vinnslu á endurnýjanlegri raforku er landið einkar vel í stakk búið að gera enn betur. Þróun umhverfisvænni samgangna á fleiri sviðum er æskileg. Stuðningur stjórnvalda í orði og verki er afar mikilvægur og að orkuskiptin nái svo sem nokkur kostur er inn í þær atvinnugreinar sem fyrir eru í landinu og munu skapa verðmæti í fyrirséðri framtíð.

Aukin vinnsla endurnýjanlegrar orku er einnig lykilatriði. Þar eru áform stjórnvalda varðandi leyfisferla o.fl. brýn. Þau þurfa að raungerast en einnig þarf að gæta að viðskiptaumhverfi orkuvinnslunnar. Eigi t.a.m. nýting vindorku að þroskast hér á landi þarf jöfnunarafl með löngum fyrirsjáanleika á markaðinn, vöru sem einungis einn aðili í landinu getur boðið. Þá þarf einnig að huga að því að ný orkuvinnsla geti nýtt sem kostur er þá innviði sem fyrir eru þannig að á heildina litið sé dregið sem mest úr umhverfisraski og kostnaði svo samkeppnishæfni verði tryggð.

Kolefnisbinding á Íslandi er hinsvegar nú þegar í fremstu röð og hugmyndir um frekari útbreiðslu liggja fyrir. Það er mat Orkuveitunnar að þessi græna starfsemi, sem er nauðsynlegur þáttur í viðureigninni við loftslagsvána, geti þroskast yfir í nýja atvinnugrein þar sem Ísland, af mörgum samverkandi ástæðum, hefði ótvírætt samkeppnisforskot.



Svör við spurningum

Í áformaskjalinu eru lagðar fram þrjú spurningar og hér eru viðbrögð Orkuveitunnar við þeim:

1. *Hver ættu helstu markmið og lykilmælikvarðar að vera varðandi þróun atvinnulífs næstu tíu ár?*

Sjálfbær verðmætasköpun ætti að vera markmið stefnunnar. Til þess þarf að fara nýjar leiðir og því gætu vísar um árangur t.d. verið:

- a) Útflutningstekjur.
- b) Kolefnisspor.
- c) Fjöldi nýrra einkaleyfa.

2. *Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að efla útflutning, fjölga vel launuðum störfum og auka framleiðni vinnuafls næstu tíu ár?*

Í því samhengi sem hér er til umfjöllunar telur Orkuveitan að áriðandi sé að væntanleg stefna njóti víðtæks stuðnings – í það minnsta skilnings – svo að ávinningur af fyrirsjáanleika í aðgerðum stjórnvalda og aðbúnaði atvinnulífs skili sér út stefnutímann. Á það í senn við skilning og stuðning á sviði stjórn mála, stjórn sýslu og vinnumarkaðar.

3. *Hvaða útflutningsgreinar, þar sem framleiðni vinnuafls er mikil og loftslagsáhrif eru takmörkuð, geta vaxið mest á næstu tíu árum og náð árlegum útflutningi sem nemur tugum milljarða króna?*

Frá bæjardyrum Orkuveitunnar blasir við að binding kolefnis í jarðlögum frá iðnaði eða úr andrúmslofti geti orðið ný atvinnugrein hér á landi með veruleg tækifæri til útflutnings. Loftslagsvæin ágerist og nauðsyn þess að draga úr losun frá núverandi iðnaði og að draga úr losun fyrri ára sem nú situr í andrúmsloftinu eykst stöðugt. Kolefnishlutlausar atvinnugreinar eru ákjósanlegar en atvinnugrein með neikvætt kolefnisspor er hreint tækifæri.

Orðspor starfsemi gagnavera hefur batnað með því að áhersla margra þeirra hefur færst út myntgreftri í spunagreindarvinnslu. Þar eru tækifæri. Þá er samlegð og hugsanlegir hringrásarmöguleikar hagkvæmrar orkuvinnslu og landeldis fiskjar óplægður akur.

Virðingarfyllst,

Sævar Freyr Þráinsson
forstjóri